



AUKIN VATNSTAKA OG BORHOLUR Á STEINDÓRSSTÖÐUM

Matsskyldufyrirspurn

Nóvember 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Forsendur framkvæmdar og forsaga	2
3	Tilkynningarskylda	2
4	Staðhættir	2
4.1	Skipulag og landnotkun	3
5	Framkvæmdalýsing	3
6	Umhverfisáhrif	5
6.1	Áhrif á vatnshlot	6
7	Samráð	7
7.1	Leyfi sem framkvæmdin er háð	8
8	Niðurstaða mats	8
9	Heimildir	9
10	Viðaukar	9

1 Inngangur

Veitur eru að undirbúa umsókn um nýtt nýtingarleyfi vegna vinnslu á köldu vatni á Steindórsstöðum fyrir Vatnsveitu Reykholtssdals í samræmi við 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sótt verður um leyfi til nýtingar á 20 L/s af köldu grunnvatni að jafnaði yfir árið til 50 ára en í gildi er nýtingarleyfi uppá allt að 10 L/s nýtingu með útgáfudag 2.7.2010. Vinnslan er innan svæðis sem skilgreint er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, Reykjadalssá og Rauðsgil. Í þessari matsskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir framkvæmdum sem gæti verið æskilegt að fara í á næstu árum til að bæta rekstraröryggi veitunnar, samræmi þeirra við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Umhverfispáttur sem er tekinn til skoðunar er vatnshlot.

2 Forsendur framkvæmdar og forsaga

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja nægjanlegt neysluvatn fyrir íbúa, atvinnustarfsemi og ferðapjónustu á veitusvæðinu í Reykholtssdal. Vatnsból Veitna við Rauðsgil hefur þjónað svæðinu í áraraðir, en notkun hefur aukist verulega á undanförunum árum, m.a. vegna uppbyggingar á ferðamannastaðnum Kraumu og fleiri tenginga við kerfið. Ársmeðalvinnsla hefur farið vaxandi frá 2015 og vinnsla er nú komin fram yfir heimildir í gildandi nýtingarleyfi.

3 Tilkynningarskylda

Veitur óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu um aukna vinnslu byggða á tölulið 10.20 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana (Tafla 3.1) þar sem um er að ræða vinnslu innan verndarsvæðis. Framkvæmd fellur þannig í flokk B sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og meta skal í hverju tilviki, með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háð skuli mati á umhverfisáhrifum.

Tafla 3.1 Tilkynningarskylda framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum.

10.20	Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn, utan þess sem fellur undir tölul. 10.19, með sem nemur a.m.k. 70 l/sek.	B
-------	--	---

4 Staðhættir

Vinnslan er við ána Rauðsgil, rétt sunnan við Reykdælaveg í Borgarbyggð. Svæðið er gróið eða hálfgróið mólendi og er almennt lítið um önnur mannvirki á svæðinu. Næstu hífli eru Rauðagil, í um 330 m fjarlægð, og Steindórsstaðir, í um 900 m fjarlægð. Á mynd 4.1 er horft frá Reykdælavegi í átt að vinnslusvæði.



Mynd 4.1 Horft í átt að vinnslusvæðinu frá Reykdælavegi. Mynd: já.is, júlí 2019.

4.1 Skipulag og landnotkun

Aðalskipulag

Unnið er að endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037. Vinnslan er í samræmi við afmörkun vatnsverndarsvæðis vegna neysluvatns í tillögu að endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar.

Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun

Vinnslan er innan svæðis sem skilgreint er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, Reykjadalssá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil. Náttúruminjaskrá lýsir verndargildi svæðis á eftirfarandi hátt:

„Reykjadalsá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svingðumyndun árinna er óvenju falleg. Við Reykjadalssá eru vetrarstöðvar andfugla og á jarðhitasvæðunum er einnig að finna athyglisverðan gróður og dýralíf. Jarðhitasvæðið í Deildartungu er samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum, en Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Árhver (Vellir) er goshver í Reykjadalssá og einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. Hægindakotshver er í alfaraleið, en við hann er allfjölbreytt dýralíf. Í Rauðsgili er að finna fallega fossaröð.“

Vinnslan hefur ekki áhrif á Reykjadalssá né fossaröð í Rauðsgili og hefur því ekki áhrif á verndargildi svæðis.


5 Framkvæmdalýsing

Aukin vatnstaka kallar ekki á ný mannvirki á yfirborði eða aðrar aðgerðir sem geta haft í för með sér rask. Í þessu samhengi vilja Veitur einnig gera grein fyrir undirbúningi um að stækka afmörkun vatnsverndarsvæðis, þ.e. brunnsvæðis og grannsvæðis og möguleg áform um eina til tvær borholur í viðbót á næstu árum. Þessar borholur eru ekki forsenda þess að hægt sé að fara í aukna vatnstöku. Byrjað verður á að bora eina nýja holu en ef afköst hennar verða minni en 5-8 l/s, eins og á við um holu SS-08, þarf að bora aðra holu. Tilgangurinn er að bæta rekstraröryggi í langvarandi frostaköflum eða þurrkum byggt á reynslu af rekstri vatnsbólsins veturinn 2022/2023 þegar vatnsborð í brunni og borholum lækkaði mjög. Mynd 5.2. sýnir tillögur að breytingum á afmörkun vatnsverndarsvæðis.

Fyrsta borholan yrði norðan við holu SS-08 og er um 12 – 15 m djúp. Gert er ráð fyrir að við borun verði notast við svokallaða odex-borun þar sem heil stálfóðring, 14“ víð, er boruð niður með lofthamri en síðan götuð neðan vatnsborðs eftir að borun lýkur. Aðstæður fyrir borun á svæðinu eru góðar þar sem landið er nokkuð slétt. Ekki er um eiginlegt borplan að ræða og gengið verður frá öllu raski að framkvæmdum loknum. Borun tekur tvo daga með uppsetningu og frágangi. Mynd 5.1 sýnir hvar starfsmenn Veitna standa á fyrirhugaðri staðsetningu nýrrar holu, norðan við holu SS-08.



Mynd 5.1 Staðsetning nýrrar holu norðan við holu SS-08.



Mynd 5.2 Ný útmörk grann- og brunnsvæða vatnsverndar borin saman við eldri útmörk.

Allur búnaður sem fer inn á svæðið verður lekaskoðaður og lagfærður ef grunur er um olíuleka áður en framkvæmdir hefjast. Fulltrúi Veitna verður á staðnum á meðan borun stendur yfir og fylgist með mögulegum lekapunktum. Á svæðinu verður til staðar mengunarvarnarbúnaður og traktorsgrafa til að bregðast við hugsanlegum lekum og fjarlægja mengaðan jarðveg ef nauðsyn krefur. Til varúðar verður sandbeð með ógegndræpum dúk lagt undir bor og loftpressu til að hindra að olía komist í jarðveg. Varúðarráðstafanir verða gerðar til að lágmarka hættu á óhöppum og mengun. Áður en

borframkvæmdir hefjast verður framkvæmd ítarleg áhættugreining vegna öryggis og umhverfis, í samræmi við reglur um vatnsverndarsvæði. Niðurstöður áhættugreiningar og fræðsla um áhrif olíumengunar á neysluvatn verða kynnt öllum starfsmönnum borverktaka áður en verkið hefst.

6 Umhverfisáhrif

Helsti áhrifaþáttur framkvæmdar felst í aukinni vatnstöku og því eru áhrif á vatnshlot metin. Ef til borunar á nýjum holum kemur er umfang rasks minniháttar og líkleg til að hafa engin eða óveruleg áhrif á gróðurfar, landslag, og fornleifar. Engar fornleifar eru skráðar innan athugunarsvæðis samkvæmt minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (Minjastofnun Íslands, 2025).

Í mati á áhrifum er stuðst við vægiseinkunnir (tafla 6.1) sem byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (Skipulagsstofnun, 2005).


Tafla 6.1 Vægiseinkunnir umhverfisþátta.

Mjög jákvæð	Jákvæð	Óvissa
- Veruleg jákvæð breyting á einkennum. - Áhrif eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og /eða ná til mikils fjölda fólks. - Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf. - Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta verulega. - Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	- Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. - Áhrifin auka verndargildi umhverfisþátta. - Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. - Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.	- Óvissa og þ.a.l. ekki hægt að fullyrða um áhrif. - Skortur á upplýsingum. - Óvissa ríkir um hvort/hvernig breyting muni ná fram að ganga. - Óvissa um hvaða aðgerðir áætlun mun hafa í för með sér.
		Engin áhrif / á ekki við
		Engin áhrif / á ekki við
Mjög neikvæð	Neikvæð	Óveruleg
- Veruleg breyting á einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks. - Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum. - Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta verulega. - Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.	- Breyting á einkennum umhverfisþátta - Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks. - Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþátta - Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf - Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum.	- Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþátta. - Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítills fjölda fólks. - Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþátta. - Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum - Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.

6.1 Áhrif á vatnshlot

Unnin hafa verið drög að áhrifamati framkvæmdar á vatnshlot, í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (Umhverfisstofnun, 2024). Áhrifamatið nær yfir vinnsluaukningu og borun nýrrar holu til nýtingar á köldu vatni, sem og yfir borun annarrar holu ef afköst fyrri holunnar eru minni en áætlað er. Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum en áhrifamatið í heild, ásamt heimildavinnu, fylgir með í viðauka A.

Undir framkvæmdasvæðinu er grunnvatnshlotið Hvítá í Borgarfirði nr. 104-270-G (mynd 6.1) og er flatarmál þess 841,1 km². Það er gropinn vatnsveitir með miðlungs grunnvatnsstreymi. Grunnvatnshlotið er talið uppfylla umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Magnstöðu áhætta og áhætta vegna efna er þó óskilgreint. Ekkert álag er skráð á grunnvatnshlotið (Stjórn vatnamála, 2025a). Árið 2020 setti Veðurstofa Íslands fram tillögu að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku kalds grunnvatns (Veðurstofa Íslands, 2020). Grunnvatnshlotið Hvítá í Borgarfirði er ekki á lista yfir slík grunnvatnshlot.



Mynd 6.1 Grunnvatnshlotið Hvítá í Borgarfirði nr. 104-270-G og straumvatnshlotið Rauðagilsá nr. 104-205-R. Staðsetning svæðis með fyrirhuguðum borholum er sýnd á myndinni.

Í grennd við framkvæmdasvæðið er straumvatnshlotið Rauðagilsá nr. 104-205-R (mynd 6.1). Heildarlengd þess er 39,9 km. Gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt og vistfræðilegt ástand náist. Vistfræðilegt ástand er talið mjög gott, byggt á líkindum, en þörf er á gögnum til staðfestingar á ástandi. Efnafræðilegt ástand þess er óþekkt. Ekkert þekkt álag er skráð á vatnshlotið (Stjórn vatnamála, 2025b)

Helstu niðurstöður áhrifamats

Niðurstaða skimunar (fyrsta skrefs áhrifamats) er að framkvæmd hafi ekki bein eða óbein neikvæð áhrif á gæðapætti vatnshlota. Ekki er talið að fyrirhuguð vinnsluaukning og borun nýrra hola muni hafa neikvæð áhrif á gæðapætti grunnvatnshlotsins Hvítá í Borgarfirði, hvorki á magnstöðu þess né gæðapætti sem notaðir eru til að meta

efnafræðilegt ástand. Staðfest hefur verið að vatnsbólið, sem er á áreyrum, er fætt af yfirborðsvatni (Rauðsgils) en ekki grunnvatni. Írennsli er þannig frá ánni niður í áreyrina. Fylgst verður áfram með vatnsborði við nýtingu borhola og brunns. Vatnsvinnslan veldur staðbundnum niðurdrætti í kringum borholur og brunn sem bendir til þess að áhrif séu ekki á vatnsborð á svæðinu almennt. Auk þess hafa ekki komið fram vísbendingar um leitni til lækkanði vatnsborðs með tíma. Fyrirhugaðar holur verða grunnar, framkvæmdartíminn stuttur og hugað vel að mengunarvörnum. Áhrif vatnstökunnar á grunnvatnshlotið eru því talin óveruleg.

Ekki er talið að fyrirhuguð vinnsluaukning og borun nýrra hola geti haft áhrif á gæðapætti straumvatnshlotsins Rauðagilsá. Við boranir og frágang eftir boranir verður gætt ytrustu varúðar og mengunarvarna svo að t.d. olía leki ekki úr tækjum og berist frá áreyrunum í ána. Þannig er ekki talið að neikvæð áhrif geti orðið á gæðapætti sem notaðir eru til að meta efnafræðilegt ástand. Ekki er heldur talið að vinnsluaukning og borun nýrra hola geti haft áhrif á gæðapætti sem notaðir eru til að meta vistfræðilegt ástand. Framkvæmdin mun ekki raska straumvatnshlotinu með neinum hætti og því verða engin áhrif á lífríki, auk þess að vera ekki þess eðlis að breytingar geti orðið á efna- og eðlisefnafræðilegum þáttum þess eins og t.d. leiðni eða næringarefnástandi.

Hvað vatnsbúskap eða rennslishætti varðar þá er vatnstakan talinn óverulegur hluti vatnsrennslis Rauðsgils eða innan við 3% hluti vatnsrennslis að meðaltali að sumri. Talið er að breyting á lágrennsli straumvatna yfir sumartíma sem nemur 0 - 10% rúmist innan náttúrlegra breytinga en að breyting umfram þetta geti m.a. dregið úr aðgengi fiska og hryggleysingja að búsvæðum (Veðurstofa Íslands, 2021). Miðað við þetta er talið að vatnstakan muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsbúskap eða rennslishætti straumvatnshlotsins Rauðagilsá.

Ástand vatnshlotanna er ekki talið hnigna miðað við núverandi ástand. Framkvæmdin er því ekki talin hafa áhrif á það hvort umhverfismarkmið vatnshlotanna náist eða náist ekki.

	Vatnshlot
Aukin vatnstaka	Óveruleg áhrif

7

Samráð

Veitur hafa verið í samskiptum við Umhverfis- og orkustofnun vegna umsóknar um nýtt nýtingarleyfi. Í tengslum við leyfisumsóknarferlið hefur Umhverfis- og orkustofnun sent Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, sveitarfélaginu Borgarbyggð og viðkomandi landeigendum erindið til umsagnar með vísan til 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga og 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og var frestur til að skila umsögnum til 25. maí 2025. Helstu atriði sem komu fram í umsögnum þeirra sem sendu inn umsagnir, og varða efnistöð matsskyldufyrirspurnar, eru eftirfarandi:

- Borgarbyggð gerir ekki athugasemd við áformin. Vinnslan sé í samræmi við vatnsverndarsvæði vegna neysluvatns í tillögu að endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar.
- Náttúruverndarstofnun bendir á að vinnslan sé innan svæðis sem skráð er sem aðrar náttúruverndarstofnir á náttúruverndarskrá og telja að vinnslan sé ekki í samræmi við aðalskipulag. Veitur benda í þessu samhengi á umsögn Borgarbyggðar. Veitur eru meðvituð um viðkvæmni svæðis og forðast verður að fara í óþarfa rask og mannvirki til vatnstöku verða lítið áberandi í landslaginu.

- Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að vanda vel til verka og ganga vel um svæðið þar sem það er innan svæðis á náttúruvinjaskrá.

Í leyfisumsóknarferlinu kom í ljós að tilkynna þarf vinnsluna til Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Leyfisveiting bíður nú ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu mun hún leita umsagna til umsagnaraðila eftir því sem við á eftir eðli máls hverju sinni, svo sem til fagstofnana og leyfisveitenda.

7.1 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Aukin vatnstaka er háð nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar sbr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

8 Niðurstaða mats

Niðurstaða matsskyldufyrirspurnar er sú að borholurnar eru í heildina talin líkleg til að hafa óveruleg áhrif á umhverfispætti, þ.e. vatnshlot og vatnsvernd. Framkvæmd er ekki talin hafa áhrif á gæðapætti grunnvatnshlotsins Hvítár, þar sem vatnsbólið er fætt af yfirborðsvatni. Áhrif á straumvatnshlotið Rauðagilsá eru einnig talin óveruleg þar sem vatnstakan nemur innan við 3% af sumarrennslinu og framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á gæðapætti sem notaðir eru til að meta vistfræðilegt ástand eða efna- eða eðlisefnafræðilegt ástand árinna.

Að teknu tilliti til umhverfisáhrifa vegna umfangs, eðlis og staðsetningar fyrirhugaðrar framkvæmdar telja Veitur að aukin vatnstaka og ný vinnsluhola á Steindórsstöðum geti ekki talist matsskyld framkvæmd.

9 Heimildir

- Minjastofnun Íslands. (september 2025). *Minjavefsjá*. Sótt frá <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>
- Skipulagsstofnun. (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.
- Stjórn vatnamála. (2. 4 2025a). *Veðurstofa Íslands*. Sótt frá Stjórn vatnamála: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-261-2-G>
- Stjórn vatnamála. (2. 9 2025b). *Veðurstofa Íslands*. Sótt frá Stjórn vatnamála: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-205-R>
- Umhverfisstofnun. (2024). *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Veðurstofa Íslands. (2021). *Vatnsformfræðilegir gæðapættir straum- og stöðuvatna. Tillaga að gæða- og matspáttum*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.
- Veðurstofa Íslands. (2020). *Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum*. Reykjavík: Veðurstofa Íslands.

10 Viðaukar

- A** | Aukin vatnstaka og borholur á Steindórsstöðum. Áhrifamat á Vatnshlot. VSÓ Ráðgjöf, 2025.